

7. gr. orðist þannig:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 465,00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr. 1. mgr. orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1482 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 35/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 105

28. febrúar 1983

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Hvammstanga nr. 387 27. desember 1973,
með síðari breytingum.**

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald kr. 128,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil og kr. 192,00 á mánuði fyrir hvern mæli.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald kr. 256,00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils og kr. 11,80 fyrir hvert tonn um mæli.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 106

28. febrúar 1983

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977,
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald kr. 75,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.